



Fréttatilkynning

08 July 2022 15:40:00 GMT

Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Arion banka hf.

Viðbótar eiginfjárfkrafa Arion banka undir stoð II (e. pillar II) 3,5% frá 1. júlí 2022

Niðurstaða Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á mati á áhættuþáttum í starfsemi Arion banka í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) sem framkvæmd er árlega er að Arion banki hf. skyldi frá og með 1. júlí 2022 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem næmi 3,5% af áhættugrunni, sem er hækkan sem nemur 0,3% frá fyrra ári. Heildareiginfjárfkrafa að teknu tilliti til eiginfjárauka hækkar við framangreint í 18,8% úr 18,5%

Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu, sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Viðbótarkrafan skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 2,0% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 2,6% af áhættugrunni.

Sjá nánar í tilkynningu á heimasíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Gegnsaeistilk-FME/Gagnsaei_Arion_07072022.pdf

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468, eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Arion banka hf.](#)